

Skólaráðsfundur

Mætt: Guðný Kristjánsdóttir, Arnór Daði Jónsson, Bergur Daði Ágústsson, Auður Gunnarsdóttir, Haraldur Axel Einarsson.

Ritari: Bryndís Jóna Magnúsdóttir

- **Fjárhagsáætlun.** Haraldur segir frá helstu liðum fjárhagsáætlunar þessa rekstrarárs (540 milljónir) og lýsir áhyggjum sínum af hve naumt er skammtað fyrir launaliðinn. Hefur rætt við fræðslustjóra og fjármálastjóra Reykjanesbæjar. Rekstur skólans er í góðu horfi. Því hefur verið velt upp hvort ákveðnir liðir eins og húsaleiga, orka- og þríf verði fjarlægðir úr fjárhagsáætlunum skólanna.
- **Starfsmannamál.** Fimm kennarar sögðu upp í kjarabaráttu haustsins. Þrír drógu uppsagnir sínar til baka. Tvær stöður auglýstar fyrir íslensku og náttúrufræði á unglingastigi. Einni umsókn skilað inn en viðkomandi ekki ráðinn. Hægt var að halda íslenskukennaranum áfram með breyttu kennsluhlutfalli og innanhúsbreytingar gerðar. Ráðið hefur verið inn fyrir náttúrufræðikennarann. Þar er á ferð kennaranemi sem er langt kominn í sínu námi. Starfsmannaviðtöl eru framundan.
- **Niðurstöður samræmdra prófa.** Haraldur sýnir með stöplariti hvernig Heiðarskólanemendur í 4. og 7. bekk komu út úr samræmdum prófum. Nemendur í 4. bekk voru við meðaltal í báðum námsgreinum. Nemendur í 7. bekk voru talsvert langt frá meðaltali í báðum greinum. Haraldur sýnir fundargestum hvernig niðurstöðurnar hafa verið teknar saman með línuritum fyrir prófin í heild og fyrir hvern þátt fyrir sig en þau gögn nota kennarar til greininga og áætlanagerða. Framundan eru samræmd próf í 9. og 10. bekk.
- **Nýjar verklagsreglur um skólasókn og heimalestur í 1. - 6. bekk.** Haraldur kynnir þessar reglur. Verklagsreglur um skólasókn er að finna á heimasíðu og voru kynntar nemendum og foreldrum í haust. Verklagsreglur fyrir heimalestur í 1. - 6. bekk verða kynntar foreldrum á matsdegi 17. janúar. Arnór Daði segir frá lestri í skóla í Hagaskóla, 20 mín tvisvar í viku.
- Fleira ekki rætt og fundi slitið.